

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um vörslu ávana- og fíkniefna til eigin nota.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hver hefur þróunin verið frá árinu 2000 á afskiptum lögreglu af málum sem varða einvörðungu vörslu ávana- og fíkniefna til eigin nota, sbr. 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, svokallaðra neysluskammta?
2. Við hvaða magn ávana- og fíkniefna miðar lögregla í störfum sínum þegar kemur að vörslu neysluskammta?
3. Af hversu mörgum hafði lögregla afskipti á árunum 2010–2021 einvörðungu vegna vörslu neysluskammta, sundurliðað eftir árum?
4. Hversu oft gerði lögregla neysluskammta upptæka á árunum 2010–2021, sundurliðað eftir árum og eftir því hvort upptæka var í tengslum við önnur afbrot eða einvörðungu fyrir brot á lögum vegna vörslu neysluskammta?
5. Hver voru viðurlög, sektir eða fangelsi, við vörslu neysluskammta fyrir fyrsta brot á árunum 2010–2021?
6. Hver voru viðurlög, sektir eða fangelsi, við vörslu neysluskammta fyrir ítrekuð brot á árunum 2010–2021?
7. Hversu margar færslur voru gerðar í sakaskrár einstaklinga vegna vörslu neysluskammta á árunum 2010–2021, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.